



**Fundargerð**  
**Framkvæmdaráð SSA**  
**Húsnæði ÞFA Egilsstöðum þriðjudag 20. Júlí kl. 11.00.**

Varaformaður Guðmundur Ólafsson boðaði til fundarins, í fjarveru formanns SSA.

Mættir eru :

Guðmundur Ólafsson, Valdimar O. Hermannsson og framkvæmdastjóri SSA.

Fundarefni : Móttaka og staðfesting umsókna í starf framkvæmdasjóra SSA , sem auglýst var í júní sl. með umsóknarfresti til 15. júlí sl.

Borist hafa alls 10 umsóknir. Umsóknir og gögn yfirfarin.

Varaformaður upplýsti að hann hafi rætt við nær alla umsækjendur ( hafði ekki náð í Helga M. ) til staðfestingar á umsókn og um nafnbirtingu í fjölmiðlum.

Nafnalisti umsækjenda í stafrófsröð.

**Arnbjörg Sveinsdóttir, fv. alþingismaður, Seyðisfirði**  
**Björn Ármann Ólafsson, skógarbóndi og fv. bæjarfulltrúi, Egilsstöðum**  
**Björn Hafþór Guðmundsson, fv. sveitarstjóri, Djúpavogi**  
**Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og fv. alþingismaður, Sandgerði**  
**Halldór Trausti Svavarsson, verslunarmaður, Reykjavík**  
**Helga Magnea Steinsson, fv. skólameistari, Fjarðabyggð**  
**Magnús Már Þorvaldsson, fulltrúi hjá Vopnafjarðarhreppi, Vopnafirði**  
**Ólafur Áki Ragnarsson, fv. bæjarstjóri, Sveitarfélaginu Ólfusi**  
**Óskar Baldursson, viðskiptafræðingur, Garðabæ**  
**Sveinn Pálsson, fv. sveitarstjóri, Vík.**

Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi nafnalista til fjölmiðla **og stjórnar SSA.**

Fyrir liggur samkvæmt útsendri ( í gær ) ítarlegri dagskrá fyrir stjórnarfund SSA nk. mánudag 26. Júlí á Seyðisfirði að í lið 11. verða umsóknir teknar fyrir og ræddar .

Þar sem formaður SSA er meðal umsækjenda um starfið , er óskað eftir því að framkvæmdastjóri boði varamann Andrés Skúlason til umræðu og afgreiðslu á þeim lið.

Fyrirkomulag : Skoðað verði að fá afbrigði frá dagskrá og klára alla aðra liði dagskrár fyrst og taka síðan lið 11. fyrir í lokin.

Í lokin var stuttlega rætt um úrvinnslu, meðferð og flokkun umsókna.

Varaformaður mun kynna umsóknirnar á stjórnarfundinum nk. mánudag.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson